

Ed.

572. Frumvarp til laga

[225. mál]

um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 419 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Inntökuskilyrði í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eru:

Stúdentspróf ásamt 20 vikna hússtjórnarnámskeiði eða próf úr hússtjórnaraskóla að viðbættu prófi úr tveggja ára framhaldsdeildum gagnfræðaskóla.

Með samþykki menntamálaráðuneytis má veita umsækjendum með annað nám að haki skólavist, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því. Þeir, sem besta undirbúningsmenntun hafa, sitja fyrir um skólavist.

Nemandi skal sýna læknisvottorð um að hann sé eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.

14. gr. hljóðar svo:

Þá eina má setja skólastjóra og kennara við Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eða hafa kennarapróf frá hliðstæðum kennaraskólum erlendum og hafa stundað framhaldsnám í hússtjórnarfræðum, uppeldisfræðum eða „diet“-fræðum.

Þeir kennarar, er lokið hafa kandidatsprófi frá Norræna búýsluskólanum eða kandidatsprófi frá annarri hliðstæðri stofnun í einhverri aðalkennslugrein skólans, að viðbættri menntun í uppeldisfræðum, sitja að öðru jöfnu fyrir um stöður.

Til þess að fá skipun við skólann þurfa kennarar að hafa stundað framhaldsnám, sem menntamálaráðuneyti metur gilt á hverjum tíma. Skólastjóri ræður sérfræðinga til stundakennslu.